

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings

50. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings var haldinn miðvikudaginn 26. maí 2021 kl. 17.00 í fundaherbergi bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar.

Mættir voru: Sigurbára Rúnarsdóttir formaður, Bjarney Vignisdóttir, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Ásmundur Lárusson, Sigurður Einar Guðjónsson, Smári Bergmann Kolbeinsson. Einnig sátu fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings sem ritaði fundargerð og Ellý Þorsteinsdóttir frá EAP ráðgjöf sem sat fundinn undir dagskrárliðum 3- 5.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál, fært í trúnaðarmálafundargerð.
2. Trúnaðarmál, fært í trúnaðarmálafundargerð.
3. Tillaga að reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings um félagslegt leiguhúsnæði ásamt greinargerð. Lögð fram til afgreiðslu nefndarinnar.
4. **Bókun:** Nefndin samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti með þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum og forstöðumanni er falið að gera viðeigandi breytingar. Nefndin leggur til við sveitarstjórnirnar að þær samþykki reglurnar. Lagt er til að reglur um félagslegt leiguhúsnæði taki gildi frá og með 1. september n.k.
5. Tillaga að reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur ásamt greinargerð. Lögð fram til afgreiðslu nefndarinnar.

Bókun: Nefndin samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti með þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum og forstöðumanni er falið að gera viðeigandi breytingar. Nefndin leggur til við sveitarstjórnirnar að þær samþykki reglurnar. Lagt er til að reglur um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur taki gildi frá og með 1. september n.k.

6. Drög að endurskoðuðum reglum um akstursþjónustu fatlaðra (áður ferðarþjónustu) ásamt tillögu að gjaldskrá. Lögð fram til afgreiðslu nefndarinnar.

Bókun: Nefndin samþykkir endurskoðaðar reglur um akstursþjónustu fatlaðra ásamt tillögu að gjaldskrá sem er í samræmi við samþykktir sveitarstjórna á gjaldskráum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 með þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum og forstöðumanni er falið að gera viðeigandi breytingar. Nefndin leggur til að reglurnar verði birtar á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustunnar.

N
SD
BR
ER
SEG
SER
RA

7. Forstöðumaður kynnti greinargerð og meðfylgjandi gögn sem senda hafa verið Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) vegna athugasemda GEF frá maí 2019.
8. Forstöðumaður óskaði eftir að leggja fram eftirfarandi bókun:

Undirrituð lætur senn af störfum sem forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og vill af því tilefni þakka Skólaþjónustu- og velferðarnefndinni fyrir sérlega gott og ánægjulegt samstarf.

Ragnheiður Hergeirsdóttir

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls þakkar Ragnheiði Hergeirsdóttur kærlega fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundargerð lesin upp og undirrituð

Fundi slitið kl. 19.45

Hveragerði 26. maí 2021

Sigurbára Rúnarsdóttir

Sigurbára Rúnarsdóttir

Smári B. Kolbeinsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Valgerður Sævarsdóttir

Valgerður Sævarsdóttir

Ásmundur Lárusson

Ásmundur Lárusson

Bjarney Vignisdóttir

Bjarney Vignisdóttir

Elsa Jóna Stefánsdóttir

Elsa Jóna Stefánsdóttir

Sigurður Einar Guðjónsson

Sigurður Einar Guðjónsson

Ragnheiður Hergeirsdóttir

Ragnheiður Hergeirsdóttir